



Íslenskur iðnaður

FRÉTTABRÉF

*Samtök iðnaðarins óska
félagsmönnum sínum
og öðrum lesendum
gleðilegra jóla, árs og friðar!*

12. töl. • Desember 2002



SI

Samtök iðnaðarins

Að þora að reka skóla

Björn Bjarnason, fyrrverandi menntamálaráðherra, gerir viðhorf Samtaka iðnaðarins til skólareksturs að umtalsefni á heimasíðu sinni og sakar þau um hugleysi fyrir að taka ekki ábyrgð á rekstri skóla og kröfuhörku á hendur ríkinu í því sambandi. Af því tilefni verður ekki lengur undan því vikist að greina nánar frá því samningsferli sem átti sér stað milli Undirbúningsfélags að rekstri tækniháskóla og menntamálaráðuneytis um uppbyggingu Tækniháskóla Íslands.

Ófögur lýsing

Björn lýsir Samtökum iðnaðarins sem „...kröfugerðaraðila á hendur ríkinu um aukid fjármagn. Samtökin hafa til þessa dags ekki treyst sér að þora að taka ábyrgð á neinum skóla - lengi var bedið eftir því, hvort þau vildu hafa forstu um að flytja Tækniskóla Íslands á háskólastíg og breyta bonum í einkarekinn skóla. Þegar Samtök iðnaðarins fengu ekki þá fjármuni, sem þau kröfdu af ríkinu, ef þau ættu að koma að Tækniskóla Íslands, lauk viðræðum um það mál.



ÍSLENSKUR IÐNAÐUR

12. tbl. Desember 2002

ISSN 1022-7741

Fór í prentsmíðju: 12.12. 2002

Prentvinnsla: Prenttækni hf.

Hönnun og myndskreytingar: Vala Óla.

Ljósmyndir: Jóhannes Long, Odd Stefán, forsiða Gollí ljósm. MBL. (Nemandi í Iðnskólanum í Hafnarfirði hannaði jólaskeytingu á forsiðu.)

Útgefandi: Samtök iðnaðarins

Borgartúni 35, Pósthólf 1450, 121 Reykjavík

Sími: 591 0100, fax: 591 0101

Kennitala 511093-2019

www.si.is, e-mail: thorah@si.is/thorak@si.is

Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson

Ritstjóri: Haraldur D. Nelson

Efnisstjórn og umbrot: Þóra Ólafsdóttir

Málfráðgjöf: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðlum er fjárlast að nota efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.

Þá segir Björn: „Viðhorf Samtaka iðnaðarins til skólareksturs er allt annað en Samtaka verslunarinnar. Verslunarmenn hafa rekið skóla á eigin forsendum í marga áratugi, Verslunarskóla Íslands, sem er öflugur og vinsæll frambaldsskóli. Verslunarráðið hvatti einnig til þess, að lögum um háskóla var breytt, svo að forsendur yrðu til þess að reka háskóla undir forystu einkaaðila.“

Þjónust áfram með meingallað reiknilíkan

Tilefni greinarskrifa Björns er umræðan sem átt hefur sér stað um reiknilíkan menntamálaráðuneytis og fjárhagsvanda framhaldsskólanna. Birni mislíkar greinilega að Samtök iðnaðarins styðji við bakið á skólastjórnendum verkmennta- og tækniháskóla í viðleitni þeirra til að fá aukid tillit tekið til augljóss meiri kostnaðar við verklega og sérhæfða kennslu á tæknisviðum í tiltölulega litlum nemendahópum í sam- anburði við fjöldakennslu í viðskipta- og rekstrargreinum.

Málflutningur Björns staðfestir raunar það skilnings- og áhugaleysi sem ríkti í menntamálaráðuneytinu í ráðherratíð hans á málefnum verk- og tæknimenntunar. Mergur málsins er að umræddur lagarammi og reiknilíkan eru einmitt, eins og kemur fram í skrifum Björns, sniðin að einföldu bóknámi og stórum nemendahópum en taka ekki nægilegt tillit til meiri kostnaðar við sérhæfðari tæknilega og verklega kennslu. Menntamálaráðuneytið hefur árum saman þverskallast við að leiðréttu augljósa galla á því. Fjárhagur iðn-, verknáms- og tækniskóla sýnir, svo að ekki verður um villst, að dæmið gengur einfaldlega ekki upp.

Verslunarráð gat heldur ekki rekið tækniháskóla á grundvelli gamla reiknilíkansins

Undirbúningsfélag að rekstri tækniháskóla gerði sér fullkomlega grein fyrir ágöllum reiknilíkansins í samningaviðræðum um uppbyggingu Tækniháskóla Íslands. Menntamálaráðherra vildi hins vegar ekki horfast í augu við þá staðreynd og því fór sem fór. Vonir um að Verslunarráð gæti töfrað fram einhverja rekstrarlega forsendu til að reka skólann, þegar Samtök iðnaðarins treystu sér ekki til þess, eins Björn orðar það, rættust ekki. Forráða-



menn Verslunarráðs og Háskólans í Reykjavík skoðuðu málið a.m.k. í tvígang en afþökkuðu að lokum gott boð ráðherra og treystu sér greinilega ekki í málið frekar en Samtök iðnaðarins og samstarfsaðilar þeirra. Þeir höfðu þó heilan háskóla fyrir til að sameina við reksturinn þannig að um mun hagkvæmari rekstrareiningu hefði orðið að ræða.

Þokkaleg vöggugjöf

Að lokum var stofnaður ríkisháskóli úr Tækniskóla Íslands með stjórnfyrikomulagi sem er eins konar eftirlíking af akademísku stjórnfyrikomulagi án formlegra tengsla við atvinnulífið og hlaut uppsafnaðan rekstrarhalla upp á 260 milljónir króna í vöggugjöf. Ljóst er að eitthvað mun það kosta ríkið að koma þeim skóla áfram og mun meira en það sem Undirbúningsfélagið ræddi um við menntamálaráðuneytið á sínum tíma. Undirbúningsfélagið var meira að segja tilbúið að leggja fram 25 milljónir króna auk vinnuframlags, á móti ríkinu sem er talsvert meira en aðstandendur annarra einkarekinna skóla hafa lagt fram sem stofnframlag. Forsendan var að sjálfsögðu að gengid yrði frá samningum við menntamálaráðuneytið um rekstrarkostnað, rannsóknir, þróunar- og húsnæðiskostnað eins og við aðra einkarekna skóla en að teknu tilliti til sérstöðu skólans varðandi verklega og tæknilega sérhæfingu. Það var nú öll kröfugerðin á hendur ríkinu. Björn Bjarnason hefði beinlínis sparað ríkissjóði stórfé á því að ljúka samningum við Undirbúningsfélagið en hafnaði því. Það er kjarni málsins.

Von um betri tíð

Nýr menntamálaráðherra Tómas Ingi Olrich hefur undanfarið verið nokkuð í fjölmiðlum vegna umræðunnar um reiknilíkanið. Þar hefur greinilega komið fram vilji hans til að færa reiknilíkanið og greiðslur samkvæmt því nær raunveruleikanum. Því ber að fagna.

Davíð Láúðviksson

Sveinn Hannesson

Iðn- og verknám í fjársveldi

Samtök iðnaðarins héldu fyrir skömmu fréttamannafund um reiknilíkan menntamálaráðuneytisins og áhrif þess á iðn- og verknám. Auk Sveins Hannessonar lýstu þrír skólameistarar áhyggjum sínum af framtíð iðnnáms.

Á fundinum sagði Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri, að Samtök iðnaðarins hefðu vaxandi áhyggjur af iðn- og verknámi. Á sama tíma og fyrirtækin sjá vaxandi þörf fyrir iðnmenntaða er þeim að fækka.

Hugsunin bak við reiknilíkanið væri skynsamleg. Því er ætlað að reikna út fjárþörf skóla miðað við tilteknar og einfaldar forsendur. Raunin er hins vegar sú að ýmsir reiknistuðlar, sérstaklega varðandi

iðn- og verknám, eru ekki í samræmi við raunverulegan kostnað. Við bætist síðan niðurskurður til starfsemi framhaldsskóla á fjárlögum. Í viðleitni sinni til að draga úr yfirdrætti í rekstri verður freistandi fyrir iðn- og verkmenntaskóla að draga úr svo dýru námi sem iðn- og verknám er.

Þrír skólameistarar lýstu áhrifum reiknilíkans á rekstur iðn- og verkmenntaskóla: Margrét Friðriksdóttir (MK), Hjalti Jón Sveinsson (VMA) og Lárus H. Bjarnason (MH).

Í máli skólameistaranna kom fram að sameiginlegur vandi þeirra er reiknilíkan sem tekur ekki tillit til raunkostnaðar á ýmsum þáttum. Ef ekkert verður að gert munu framhaldsskólarnir þurfa að fækka nemendum í iðnnámi og jafnvel leggja af



tilteknar iðn- og verkmenntir í viðleitni til að spara.

Samtök iðnaðarins og skólameistarar kalla stjórnvöld til ábyrgðar á stefnu í iðn- og verkmenntamálum.

Ingi Bogi Bogason

Innflutt vinnuafli af EES-svæðinu

Krafist skýrari reglna!

Mikil óvissa hefur undanfarið ríkt um hvernig standa skuli að innflutningi vinnuafli frá EES-löndunum þegar fyrirtæki óska eftir að nýta það til lengri eða skemmi tíma. Þetta hefur leitt til mikilla óþæginda, deilna og jafnvel fullyrðinga um misnotkun sem leiða til mismununar milli fyrirtækja.

Þetta mál hefur verið mikið til umfjöllunar hjá stjórn Félags blikksmiðjueigenda og reynt að festa hendur á því hvað gera þarf til að færa það til betra horfs. Samtök atvinnulífsins hafa líka látið málið til sín

taka og beitt sér fyrir lausn sem unnt verður að vinna eftir.

Á almennum félagsfundum Félags blikksmiðjueigenda var eftirfarandi samþykkt samhljóða:

„Almennur félagsfundur í FBE, haldinn 6. desember 2002, bendir á að einn af grunnþáttum EES-samningsins er frelsi fyrirtækja til að fara á milli landa með starfsmenn sína til að veita þjónustu. Um það gilda ákveðnar reglur til að ekki komi til óeðlilegrar röskunar á samkeppnis-

stöðu. Verulegur misbrestur er hins vegar hér á landi á því að skýrt sé hvernig að framkvæmd þessara reglna skuli staðið sem skapar óþolandi óvissu fyrir fyrirtæki. Fundurinn krefst þess að skýrt verði án tafar hvernig framkvæmdinni skuli hagað bæði hvað varðar skráningu, skattalega meðferð og annað þegar fyrirtæki á EES-svæðinu senda hingað starfsmenn á sínum vegum til styttri eða lengri tíma til að sinna verkefnum fyrir íslenska aðila.”

Ingólfur Sverrisson

Iðnþing Samtaka iðnaðarins 2003

Iðnþing Samtaka iðnaðarins verður haldið 14. mars nk. í Versöllum,

Hallveigarstíg 1. Dagskrá Iðnþings verður birt í

febrúarblaði Íslensks iðnaðar og á vefsetri SI www.si.is

Árshóf Samtakanna verður að venju haldið

að kvöldi sama dags og hefst kl. 19.30 með fordrykk í boði SI.



Samtök iðnaðarins
Federation of Icelandic Industries

Fjárfestar í fólki

Dansk industri hefur rekið verkefnið „Fjárfestar í fólki“ (Investors in People) undanfarið ár í samvinnu við níu aðildarfyrirtæki. Tilgangur verkefnisins, sem er enskt að uppruna, er að efla með skipulögðum hætti verðmætti og samkeppnishæfni starfsfólks. DI er umbodsaðili verkefnisins í Danmörku.

Fjárfestar í fólki (FÍF) er stöðluð áætlun til að efla mannaud fyrirtækja. Hún hefur hlotið viðurkenningu



breskra yfirvalda, atvinnurekendasmata (þ.m.t. Samtaka iðnaðarins í Englandi, CBI) og launþegahreyfingar. Þann tíma sem áætlunin hefur verið rekin hefur hún treyst sig í sessi og sannað gildi sitt.

Árið 1993 var komið á fót stofnuninni Investors in People UK sem stjórnvöld reka en í stjórn hennar sitja bæði fulltrúar opinbera starfsmenntakerfisins og menntastofnana atvinnulífsins.

Góður árangur

FÍF hefur verið rekið með góðum árangri. Í Bretlandi eru yfir 80 TEC-skrifstofur. Rekstur þeirra er ekki á fjárlögum heldur stendur sala á þjónustu undir rekstri þeirra. TEC-skrifstofurnar taka m.a. að sér verkefni á sviði menntunar og mannaudsstjórnunar fyrir atvinnulífið. Þær skilgreina þarfir og gera mennta- og starfsþjálfunar-áætlanir fyrir fyrirtæki. Aðferðir FÍF fara gjarnan saman við aðferðir altækrar gæðastjórnunar og nýtast sem tæki til að koma henni á. FÍF er þó ekki bundið altækri gæðastjórnun því að unnt er að koma á hugmyndum FÍF án hennar.

Markmið FÍF nást með eftirfarandi hætti:

- Að skilgreina atriði varðandi þjálfun og þróun sem tengjast beint markmiðum fyrirtækja.
- Að tryggja að aðferðir við þjálfun og þróun séu eins skilvirkar og kostur er.
- Að setja skýr gæðaviðmið í þjálfun og þróun sem fyrirtæki, stór og smá, geta notað sem mælikvarða til að meta hvort þau eru að bæta árangur sinn.

Sjá nánar: <http://www.iipuk.co.uk/>

FÍF gerir ekki ráð fyrir að fyrirtæki veiti meira fjármagni til þjálfunar og menntunar starfsfólks heldur að núverandi fjárfesting sé betur nýtt. Meðal þess sem FÍF býður fyrirtækjum er eftirfarandi:

- Tækifæri til að endurmeta núverandi þjálfun og þróun með hliðsjón af skilgreindum viðunandi gæðaviðmiðum.
- Mat á styrkleika og veikleika í þjálfunar- og menntamálum fyrirtækja.
- Markvissar aðferðir til að bæta skilvirkni þjálfunar og þróunar.
- Framtíðaráætlanir og -aðgerðir.

Ávinningur af FÍF

Meðal þess sem fyrirtækin telja til ávinnings er eftirfarandi:

- Starfsfólk er viljugra til að taka við nýrri tækni. Það er ánægðara í starfi og skilur betur að markmið þess og fyrirtækjanna fara saman.
- Fyrirtækjum helst betur á fólki og veikindadögum fækkar.
- Stjórnendur skilja betur að þeir eru hluti af hópi. Stjórnendum og starfsfólki tekst betur að vinna saman að stefnumörkun. Allir er betur að sér um markmið rekstrarinn.
- Starfsfólki eykst sjálfstraust til að til-einka sér hugmyndafræði gæðastjórnunar, t.d. ISO 9000 og altækrar gæðastjórnunar.

FÍF eykur samkeppnishæfni fyrirtækja

Þegar fyrirtæki hefur hlotið viðurkenningu sem Fjárfestar í fólki á það samleið með fjölda annarra fyrirtækja sem gera hliðstæðar kröfur um góða starfshætti. Þar með er sögunni fjarri því lokið. Hafið er tiltekið hringferli (ásetningur – áætlun – aðgerðir – mat) sem felur í sér endalausar úrbætur sem fyrirtækið vinnur að til að halda forskoti.

FÍF leiðir til endur mats á markmiðum þjálfunar og menntunar með hliðsjón af breytingum á markaðnum. Þá kemur í ljós hvar nauðsynlegt er að gera úrbætur í mannaudi fyrirtækja. Þetta felur í sér sívirkt þróunarferli sem eykur hæfni starfsfólks og eflir samkeppnishæfni fyrirtækja, öllum til hagsbóta.

Ingi Bogi Bogason



- 75 ára -

Úrsmiðafélag Íslands fagnaði 75 ára afmæli í október síðastliðnum en félagið hefur tekið virkan þátt í starfi Samtaka iðnaðarins allt frá því SI voru stofnuð árið 1993 og áður í starfi Landssambands iðnaðarmanna. Afmælinu var fagnað í nýjum húsakynnum SI að Borgartúni 35.

Þeir voru átta úrsmiðirnir í Reykjavík sem stóðu að stofnun Úrsmiðafélags Íslands árið 1927. Nú eru félagsmenn á fimmta tuginn en starfandi úrsmiðir sautján á landinu öllu. Á 75 árum hefur margt breyst í starfsumhverfi úrsmiða og félagið hefur notfært sér nútíma aðferðafræði stefnumótunar til að bregðast við því, með liðsinni sérfræðinga SI. Félagið hefur líka nýtt sér vel sameiginlegan vettvang úrsmiða á Norðurlöndum en Axel Eiríksson gegnir nú formennsku í samtökum norrænna úrsmiða. Þar freista menn þess að nýta sameinaða krafta sína til að styrkja stöðu handverksins og gæðaúra gagnvart alþjóðlegum sölukeðjum einnota úra.

Tímatal, saga úrsmiði á Íslandi, félagsins og úrsmiðatal kom út sem hluti af Iðnsögu Íslendinga árið 1997 en höfundur þess er Edda Kristjánsdóttir. Félagið heldur glæsilegar sýningar reglulega, sinnir endurmenntun auk þess sem úrsmiðastofa í Árbæjarsafni er rekin í samvinnu safnsins og Úrsmiðafélags Íslands.

Formaður Úrsmiðafélags Íslands er Frank Ú. Michelsen og félagið tekur þátt í starfsgreinahópi þjónustuiðnaðar hjá SI.

Viðtal við Frank Úlfar Michelsen, formann Úrsmíðafélagsins

Mikil samkeppni innanlands sem utan

Frank Ú. Michelsen, úrsmíðameistari og formaður Úrsmíðafélags Íslands, segir að rekstur úraverslunar sé ekkert auðveldur um þessar mundir því að samkeppnin sé mikil en samvinna með úrsmíðum sé þó með miklum ágætum. Hann segir að Íslendingar skipti meira við íslenska úrsmíði en áður var enda séu úr og klukkur tollfrjáls vara en þeir eigi samt í mikilli samkeppni við erlenda úrsmíði.

„Við reynum að halda vöruverði svipuðu eða jafnvel lægra en tíðkast í nágrannalöndunum enda kemur oft fyrir að fólk skoðar úrin hér áður en það fer til útlanda, kemur svo aftur og kaupir úr hér heima.“ Í verslun Franch Michelsen úrsmíðameistara hefur safnast mikil reynsla af verslun og þjónustu með úr því að afi Franks og nafni, sem fluttist til Íslands frá Danmörku fyrir 95 árum, stofnaði úraverslun á Sauðárkróki árið 1909. Faðir hans, Franch stofnaði aðra úraverslun við Laugavegin í Reykjavík árið 1943 en fyrir



þremur árum tók Frank Úlfar við rekstri fyrirtækisins.

Allar horfur eru á að fjórði ættliðurinn eigi eftir að verða liðtækur í úrsmíðafaginu því að Róbert sonur hans er kominn á námssamning hjá föður sínum. Frank segir að það sé ekki öllum gefið að verða góðir úrsmíðir því að þeir, sem leggja það fyrir sig, þurfi að hafa metnað, vera þolinmóðir og síðast en ekki síst vandvirkir.

Íslendingar sátir við verð á úrum

Frank segir að svokölluð merkjavara sé á góðu verði hér á landi. „Ég hef t.d. verið svo lánsamur að geta samið við Rolex um að flytja þeirra úr inn millilíðalaust frá Genf og fæ þau á sama verði og kollegar mínir í nágrannalöndunum. Ég sel því talsvert af Rolex af því að ég get boðið verð sem Íslendingar eru ánægðir með.

Þeir hafa gert sér ljóst að það borgar sig, þegar til lengdar lætur, að kaupa vandaða vöru þótt hún sé dýrari. Ég tel að kenna þurfi börnum frá unga aldri að meta gæði.

Frank Úlfar Michelsen formaður og faðir hans Franch Michelsen

Íslendingar hafa oft borið saman verð á misgóðri vöru en þeim viðskiptavinum fer fjölgandi sem vilja kaupa vandað.

Stefnan mörkuð

Úrsmíðafélag Íslands hóf vinnu við að marka sér stefnu og framtíðarsýn á þessu ári. „Við félagarnir hittumst alltaf í nóvember og borðum saman jólamat. Þetta er sterk hefð og er að slá út aðalfund í mætingu,“ segir Frank. Á þessum fundi voru lögð fram drög að framtíðarsýninni og fundarmenn ræddu hvað þeim fyndist mikilvægast. Flestir töldu brýnast að vekja áhuga almennings á úrum og gera fólki grein fyrir hvað það kaupir og að hverju það gengur.

„Við þurfum líka að byggja upp þjónustu varðandi rafhlöður sem hefur mikið að segja. Þá þarf að huga að þekkingarþörf innan greinarinnar og að passa upp á nýliðun. Einn úrsmíður hefur nýlökkið prófi og tveir eru í námi. Úrsmíðir þurfa líka að kynna sér nýjungar s.s. í tækni. Ég fer t.d. til Sviss á tveggja ára fresti í þjálfun og endurmenntun og finn að ég get alltaf bætt mig.

Þá verðum við að fylgjast grannt með tiskusveiflum og kynna þær. Á markaðnum eru svokölluð ilmvatnsmerki en úrsmíðir standa ekki á bak við þau heldur fyrirtæki sem leigja út nafnið sitt og oft eru það merki sem seljast vel. Hins vegar eru nokkur þekkt úrsmíðafyrirtæki s.s. Patek Philippe og Rolex sem leggja alla áherslu á gæði og endingu.“ segir Frank Úlfar.

Þóra Kristín Jónsdóttir





Viðtal við Þorstein M. Jónsson, forstjóra Vífilfells ehf.:

Kóka Kóla ískalt í 60 ár

Kóka Kóla hefur verið eitt þekktasta vörumerki heims á annað hundrað ár en nú eru liðin 60 ár frá því að Vífilfell hóf framleiðslu á þessum bandaríska þjóðardrykk hér á landi. Fyrirtækið er nú stærsti gosdrykkjaframleiðandi og næststærsta matvælafrirtæki landsins. Framleiðslan fer nú fram á þremur stöðum, við Stuðlaháls og Þverholt í Reykjavík og Furuveli á Akureyri. Starfsmenn eru um 230 og ársveltan nemur um fimm milljörðum króna.



vörum Coca Cola fyrir-tækisins. Auk gosdrykkja framleiðir Vífilfell ávaxtasafa, bjór, íþrótt- og orkudrykki auk annars. Bjórinn er framleiddur á Akureyri en ávaxtasafinn í Þverholtinu. Nú er stefnt að því að flytja þá starfsemi að Stuðlahálsi næsta haust og þá lýkur sameiningarferlinu milli Sólar - Víkings og Vífilfells. „Þorsteinn segir að samkeppnin sé afar hörð á þeim mörkuðum þar sem Vífilfell keppir „en reksturinn gengur samkvæmt áætlun og við horfum björtum augum fram á veginn.“

Hvað brennur mest á fyrirtæki eins og Vífilfelli?

„Almennur virðisaukaskattur á matvæli er 14%, en nánast allar drykkjarvörur sem Vífilfell framleiðir og selur falla undir 24,5% vsk. Þessar reglur er mjög einkenni- legar og er auðvelt að skýra það með dæmum. Ókolsýrt átappað vatn ber 14% vsk. en um leið og kolsýru er blandað saman við þá fer varan í efra þrep. Hreinir eða blandaðir ávaxtasafar eru í efra þrepi, en ávextir eða niðursoðnir ávextir í því neðra. Provamel sojamjólkinn ber 24,5% vsk. en kúamjólk 14% vsk.“ segir Þorsteinn. „Ennfremur er sú forræðishyggja sem birtist í vörugjaldi tímaskekkja. Vörugjöld eru lögð á gosdrykki og ávaxtasafa en ekki t.d. átappað vatn og mjólk. Þau nema 8 krónum á lítra og er ætlað að hafa áhrif á neyslu fólks.“

Batnandi rekstrarskilyrði

„Almenn rekstrarskilyrði fyrirtækja á Íslandi hafa batnað til muna á síðastliðnum 10 til 12 árum. Stöðugleiki í verðlagi og hagstæðara skattaumhverfi skipta þar sköpum. Það er ekki svo langt síðan við bjuggum við tveggja stafa verðbólguötlur og sértækar efnahagsaðgerðir. Hagstjórn hefur á margan hátt verið mjög vel heppnuð og glímt farsælega við þann vanda sem að hefur stöðjast,“ segir Þorsteinn.

Stuðningur við gott málefni

Vífilfell hefur lengi látið gott af sér leiða

Þótt gamla góða Kókið hafi ekkert breyst hefur fyrirtækið tekið ýmsum breytingum á svo löngum tíma. Á nokkrum árum hefur fyrirtækið t.d. tvisvar skipt um eigendur.

Stofnandi Vífilfells var Björn Ólafsson, stórkaupmaður og ráðherra en hann rak fyrirtækið þar til hann lést árið 1974 en þá tók sonur hans, Pétur, við rekstrinum.

Eigendaskipti

Árið 1999 seldu Pétur Björnsson og fjölskylda hans Vífilfell en kaupandinn var Coca Cola Nordic Beverages (CCNB) sem var í eigu Carlsberg AS í Danmörku og Coca Cola fyrirtækisins í Bandaríkjunum. CCNB átti verksmiðjur á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjum sem framleiða vörur Coca Cola fyrirtækisins. Af ýmsum ástæðum breyttust forsendur fyrir hinu dansk-bandaríska samstarfi og í kjölfarið var ákveðið að skipta upp CCNB. Til að gera langa sögu stutta lyktaði málinu með því að Vífilfell var í ársbyrjun 2001 selt núverandi eigendum en þeir helstu eru Þorstein M. Jónsson, Kaupþing og Hekla.

Fjölbreytt vöruúrval - drykkjarvörufrirtæki

Því hefur stundum verið haldið fram að Íslendingar drekki meira af Kóki en aðrar þjóðir en er nokkuð til í því? „Mexíkóar drekka mest af Kóki en miðað við höfðatölu hefur Vífilfell selt mest samanlagt af



með því að styrkja góð málefni og Þorsteinn segir að nú sé lagt mikið kapp á að veita Regnbogabörnum góðan stuðning. „Regnbogabörn sinna afar brýnu málefni sem hefur legið í þagnargildi allt of lengi. Verkefnið er stærra en flesta óraði fyrir. Við hjá Vífilfelli viljum láta gott af okkur leiða og leggjum góðum málefnum lið eins mikið og við getum,“ segir Þorsteinn og bætir við að Stefán Karl, leikari, eigi mikinn heiður skilinn fyrir að hafa unnið fórnfúst starf í fjögur ár. „Það brennur mikill hugsjónaeldur í Stefáni. Hann hefur

Jólasveinaskeiðin 2002

Gluggagægir á Jólasveinaskeiðinni í ár

Undanfarin átta ár hafa Gull- og silfursmiðjan Erna hf., Fræðslumiðstöð Reykjavíkur og Félag íslenskra myndlistarmanna efnt til samkeppni meðal 11-12 ára reykvískra grunnskólabarna um bestu hugmyndina að jólasveini á svonefndri jólasveinaskeið. Að þessu sinni þótti hugmynd Örnú Maríu Kristjánsdóttur nemanda í Melaskóla bera af öðrum. Hún tók nýlega við verðlaunum í Melaskólanum fyrir hugmynd sína Gáttapef.



Aðrir verðlaunahafar í keppni um jólasveinaskeiðina eru:

- Guðbjörg Ágústsdóttir, Foldaskóla fyrir Þvörusleiki árið 1995
- Helga María Guðmundsdóttir, Foldaskóla fyrir Pottaskefil árið 1996
- Leifur Arnar Einarsson, Foldaskóla fyrir Askasleiki árið 1997
- Ívar Orri Aronsson, Fossvogsskóla fyrir Hurðaskell árið 1998

- Bjarni V. Birgisson, Fossvogsskóla fyrir Skyrgám árið 1999
- Eva Arnfríður Aradóttir, Korpuskóla fyrir Bjúgnakræki árið 2000 og
- Auður Lilja Ámundadóttir, Öskjuhlíðarskóla fyrir Gluggagægi árið 2001.

Nú eru jólasveinaskeiðarnar orðnar 11 talsins en fyrstu þrjár þeirra hannaði Gull- og silfursmiðjan Erna hf.

Verklýsingar – Útboðsgögn

Samtök iðnaðarins hafa á undanförunum árum gagnrýnt mjög lýsingar og ákvæði í útboðsgögnum sem verktökum er ætlað að verðleggja og síðan að vinna eftir. Samtökunum berast margar tilkynningar á ári vegna ákvæða í útboðsgögnum sem eru með þeim hætti að ekki er hægt að skilja hvað við er átt eða hvers verkkaupar ætlast af verktökum. Af þeim sökum verða tilboð í verk oftast en ekki misjöfn þar sem skilningur bjóðenda á gögnunum er með ýmsum hætti. Stundum líkjast ákvæði útboðsgagna einna helst texta að áramótaskaupi.

Hvernig á t.d. að leggja 12” (30 cm í þvermál) rör í skurð sem skilgreindur er í gögnunum sem 50 cm breiður, 10 cm frírúm beggja megin við rörið? Það mega vera fótnettir menn sem komast þar niður á milli til að athafna sig.

Hvernig á verktaki að verðleggja í tilboði vinnu við samræmingu og upplýsingaflæði á byggingarstað milli hans sjálfs og nokkurra verktaka sem eru ekki á hans vegum? Bjóðandanum eru ekki gefnar upp

neinar forsendur til að verðleggja það sem hann er skyldaður til að verðleggja.

Þá má nefna dæmi um ákvæði sem skylda verktaka að vinna gólf vegg og loft samtímis í sömu byggingunni. Stundum mætti halda að sá, sem útbýr verklýsingar, telji að verktakar geti ráðið framliðna í vinnu eða eins og einn félagsmaður SI orðaði það: „Þetta er ekki eðlisfræðilega framkvæmanlegt.“ Fleiri slík dæmi væri hægt að tilgreina.

Samtök iðnaðarins hyggjast nú safna saman upplýsingum um skondin og óraunhæf ákvæði í útboðsgögnum. Til þess að það megi takast sem best leitum við til félagsmanna okkar og skorum á þá að senda okkur í tölvupósti (eyjolfur@si.is) eða á póstfaxi (591 0101) sýnishorn eða upplýsingar um hvar við getum nálgast „gód dæmi.“

Samtök iðnaðarins hafa ákveðna hugmynd um hvernig þau dæmi verða notuð. SI hyggjast kynna þau á útboðsþingi og nota þau framvegis í baráttu sinni fyrir bættum verklýsingum.

Eyjolfur Bjarnason

Íteg
Fól

Coca-Cola

nú þegar lyft grettistaki en betur má ef duga skal. Enn er margt óunnið og nú þurfa allir að leggjast á eitt,“ segir Þorsteinn og hraðar sér á fund.

Samtök iðnaðarins óska eigendum og starfsmönnum Vífilfells til hamingu með afmælið.

Þóra Kristín Jónsdóttir

Sjötta rannsóknáætlun ESB að hefjast

Hvernig getur hún gagnast litlum og meðalstórum fyrirtækjum?

Sjötta rannsóknáætlun Evrópusambandsins hefst um áramót og fyrstu auglýsingar eftir umsóknum um styrki verða birtar fyrir jól. Fyrirkomulag áætlunarinnar er með nokkuð breyttu sniði en sumt af því sem snýr að litlum og meðalstórum fyrirtækjum er svipað og áður, t.d. CRAFT.

Áætlunin skiptist í 7 áherslusvið:

- ⇒ Erfðavísindi og líftækni í þágu heilbrigðis
- ⇒ Tækni í þágu upplýsingasamfélagsins
- ⇒ Örtækni, efnisækni og ný framleiðslutækni
- ⇒ Flug- og geimtækni
- ⇒ Gæði og öryggi matvæla
- ⇒ Sjálfbær þróun og hnattrænar breytingar
- ⇒ Hlutverk borgara í stjórnun þekkingarsamfélagsins

Þessum áherslusviðum eru ætlaðir rúmir 11 milljarðar evra í rannsóknafé á næstu fjórum árum.



Frankvæmdastjórn ESB leggur ofurkapp á að tryggja þátttöku lítilla og meðalstórra fyrirtækja í rannsóknaverkefnum. Þess vegna hefur verið ákveðið að 15% af fjármagni forgangssviðanna verði varið til hagsbóta fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Þetta þýðir að mikil ásókn mun verða í að hafa lítil og meðalstór fyrirtæki með í verkefnum. Auk beinnar þátttöku fyrirtækja í rannsóknum getur þátttaka þeirra falist í því að taka við og notfæra sér niðurstöður úr rannsóknum.

Fyrir utan forgangssviðin 7 er sérstakur sjóður, 450 milljónir evra, ætlaður sérstaklega í rannsóknir fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Í þann sjóð er hægt að sækja um tvönn konar verkefni og þau geta verið á hvaða sviði sem er svo framfarlega sem þau

falla að meginmarkmiðum rannsóknáætlunarinnar.

CRAFT (cooperative research): Í samstarfshópi fyrir CRAFT-verkefni þurfa að vera a.m.k. þrjú fyrirtæki í a.m.k. tveimur löndum og a.m.k. tvær rannsóknastofnanir í a.m.k. tveimur löndum sem vinna rannsóknvinnuna fyrir fyrirtækin (þetta eru svoltið breyttar reglur frá 5. rannsóknáætluninni). Stærð verkefna er á bilinu 0,5-2 milljónir evra og lengd eitt til tvö ár.

Collective research: Þetta er ný tegund verkefna og í þeim samstarfshópi eru a.m.k. tvö fyrirtækjasamtök frá a.m.k. tveimur löndum eða einum Evrópusamtökum og a.m.k. tvær rannsóknastofnanir í tveimur löndum sem vinna rannsóknvinnuna fyrir fyrirtækjasamtökin. Þessum rannsóknum er ætlað að leysa verkefni sem nýtast heilum iðngreinum eða stórum hópum fyrirtækja. Mikil áhersla er lögð á að niðurstöður skili sér til fyrirtækja í viðkomandi grein og þess vegna er þjálfun og nýting niðurstaðna mikilvægur þáttur þessara verkefna. Stærð verkefna er á bilinu tvær til fimm milljónir evra og lengd þrjú til fimm ár.

Skilgreiningin fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki er sú sama og verið hefur: Innan við 250 starfsmenn og ársvelta undir 40 milljónum evra.

450 milljónir evra eru ekki miklir peningar þegar þeim er dreift á fjögur ár og eiga að nýtast öllum litlum og meðalstórum fyrirtækjum í Evrópu. Þess vegna er ákaflega mikilvægt að fyrirtæki búi sig undir að sækja um strax í upphafi áætlunarinnar. Eins og áður sagði verður auglýst eftir fyrstu umsóknum um styrki fyrir jól og umsóknafræstur líklega fram í mars.

Allar nánari upplýsingar veitir Ragnheiður Héðinsdóttir (ragnheidur@si.is) á skrifstofu Samtaka iðnaðarins í síma 591 0100.

Ragnheiður Héðinsdóttir

Fleiri skip til Færeyja

Þriðji togbáturinn, sem Ósey hf. í Hafnarfirði smíðar fyrir Færeynga, var afhentur í lok nóvember. Skipið er 19,4 metrar á lengd og mælist 65

brúttótonn. Að auki smíðaði Ósey hf. allan vindubúnað í skipið en Rafboði í Gardabæ lagði rafmagn og Trésmíðjan Brim sá um innréttingar. Poly-Ice hlerar eru frá Hampíðjunni.

Mikið var um dýrðir þegar skipið kom til heimahafnar í Færeyjum, söngur og hljóðfærsláttur enda skipið glæsilegt í alla staði. Nú eru tvö stærri skip fyrir færeyska útgerðarmenn í smíðum hjá Ósey og fleiri samningar í vinnslu.

Ingólfur Sverrisson





Nýir félagsmenn

Hópvinnukerfi ehf.
Hlíðarsmára 17
201 Kópavogi
Starfsemi: Hugbúnaðariðnaður

Information Management Ísl. ehf.
Suðurlandsbraut 30
108 Reykjavík
Starfsemi: Hugbúnaðariðnaður

Örn Guðmundsson
Laufskógum 9
810 Hveragerði
Starfsemi: Veggfóðrun og dúkalögn

NB Nýmiðlun ehf.
Grensásvegi 7
108 Reykjavík
Starfsemi: Margmiðlunargerð og hugbúnaðarþróun

Trésmiðjan Akur ehf.
Smíðjuvöllum 9
300 Akranesi
Starfsemi: Húsasmíði - verktaka-starfsemi

Teymi ehf.
Borgartúni 30
105 Reykjavík
Starfsemi: Hugbúnaðariðnaður



Fundur stjórnar SI með ráðgjafaráði og stjórnunum aðildarfélaganna

Stjórnir aðildarfélaganna SI, ráðgjafaráð og stjórn SI komu saman til fundar í lok nóvember til að ræða þau málefni sem efst eru á baugi hjá Samtökum iðnaðarins Slíkir fundir eru haldnir a.m.k. tvisvar á ári og hafa tekist vel og styrkja mjög innra starf Samtaka iðnaðarins. Fundinn sóttu um 70 manns að þessu sinni.

Vilmundur Jósefsson, formaður SI fjallaði um þau málefni sem eru efst á verkefnalista SI um þessar mundir, þar á meðal um Evrópumálin. Hann ræddi einnig um eflingu tæknimenntunar á Íslandi og lagði áherslu á að henni yrði gert jafnhátt undir höfði og viðskiptamenntun. Þá gerði hann arðsemi opinberra framkvæmda að umtalsefni og taldi að þar hefði miðað í rétta átt.

Þorsteinn Þorgeirsson, hagfræðingur SI, skýrði frá helstu niðurstöðum könnunar SI sem gerð var á stöðu og horfum í iðnaði í október. Þar kom m.a. fram að samdráttur hefði orðið verulegur í ár eða um 7% að raunvirði. Verst væri ástandið í jarðvinnu og byggingastarfsemi eða sem næmi 15% en horfur væru bjartari á næsta ári, m.a. vegna hækkunar gengis á þessu ári og samkeppnisstaðan hefði lagast frá 1999. Þá nefndi Þorsteinn að verðbólgan væri á hraðri niðurleið raunvextir í bankakerfinu væru þó enn of háir.

Jón Steindór Valdimarsson, aðstoðarframkvæmdastjóri SI, fjallaði m.a. um Tryggingardeild útflutningslána. Hann gat þess að undanfarin ár hefði mjög dregið úr umsóknum, ólíkt því sem þekkist í öðrum löndum en ásóknin væri heldur ekki í samræmi við þörfina. Í nýju lagafrumvarpi

væri hlutverk deildarinnar skilgreint betur og ábyrgðarþak hækkað. Jón fjallaði einnig um seinagang stjórnvalda við að breyta hafnalögum til samræmis við álit samkeppnisyfivalda sem var í samræmi við ábendingar SI um að þar væri pottur brotinn.

Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri SI, fjallaði um frumvarp til laga um úrvinnslugjald og leiðir til að auka endurnýtingu úrgangsefna. Frumvarpið kveður m.a. á um ráðstafanir til að minnka neikvæð áhrif urðunar úrgangs á umhverfið og hertar kröfur af ýmsu tagi. Ljóst er að urðunarstöðum mun fækka og kostnaður við urðun mun hækka. Þá verður úrvinnslugjald lagt á tiltekna umbúðir, hjólbarda og ökutæki, svo og spilliefni. Ætlunin að samið verði við einkaaðila um úrvinnslu úrgangs á grundvelli útboða eða verksamninga. Ríkissjóður ábyrgist að Úrvinnslusjóður geti staðið við skuldbindingar sínar en sjóðurinn heyrir undir umhverfisráðherra.

Sérstakur gestur fundarins var Kristbjörg Stephensen, lögfræðingur hjá Reykjavíkurborg, sem kynnti tillögur að nýjum innkaupareglum Reykjavíkurborgar. Stefnir er að því að stuðla að samkeppni á markaði varðandi kaup borgarinnar á vörum, verkum og þjónustu og að við innkaup sé beitt útboðum að svo miklu leyti sem unnt er og að hlutur útboða í heildarinnkaupum aukist. Til að sinna þessum verkefnum er ætlunin að koma á fót öflugri fag- og þjónustustofnun, Innkaupastofnun Reykjavíkur, sem þjónar ekki aðeins Reykjavíkurborg en getur einnig tekið að sér verkefni fyrir aðra.

Þóra Kristín Jónsdóttir

Íslensku gæðaverðlaunin til Marels

Marel hf. hlaut í ár Íslensku gæðaverðlaunin sem veitt eru fyrir framúrskarandi gæði á sviði reksturs og stjórnunar. Davíð Oddsson, forsætisráðherra, afhenti verðlaunin við hátíðlega athöfn í Hátíðasal Háskóla Íslands á Alþjóðlega gæðadaginn, 14. nóvember sl.

Í umsögn dómnefndar kemur m.a. fram, að styrkur fyrirtækisins liggur í, öflugri forystu og stefnumörkun, markvissri þekkingar- og starfsmannastjórnun, vel skilgreindum vinnuferlum og sterkum innviðum.

Öflug forysta og stefnumörkun

Hjá Marel hf. hefur verið unnið að gæðamálum af festu á undanförunum árum og fyrirtækið hefur á metnaðarfullan hátt samofið stefnumótun sína og gæðakerfi þar sem þarfir viðskiptavina eru hafðar í fyrirrúmi.

Aðferðir við stefnumótun byggjast á traustum faglegum grunni og stefnumótunarferlið hefur verið þróað og lagað að forsendum og kerfum fyrirtækisins. Framtíðarsýn er skýr og metnaðarfull og vel kynnt í daglegu starfi. Stefnumörkun byggist á greiningu á þörfum og góðum tengslum við viðskiptavini.

Markviss þekkingar- og starfsmannastjórnun í fyrirmyndarstarfsumhverfi Fyrirtækið starfar í þekkingariðnaði og þekkingarstjórnun og stöðug uppbygging þekkingar



starfsmanna er lykilatriði. Þróun mannaúts er hluti af stefnumörkunarferli fyrirtækisins.

Skipulag og stjórnunarviðhorf í fyrirtækinu byggjast að miklu leyti á teymisvinnu og sterkum liðsanda. Teymisskipulag einkennir framleiðsluna og teymin er gefið gott rými til sjálfstýringar en frammistöðumat á sér stað með reglubundnum hætti.

Marel hf. hefur á að skipa hæfu og metnaðarfullu starfsfólki og fyrirtækið kemur almennt vel út úr könnunum varðandi starfsmannamál. Fyrirtækið styður vel við félagsstarf starfsmanna og hvetur þá til líkamsræktar m.a. með tveimur fjölnota íþróttasölum í nýjum húsakynnum fyrirtækisins.

Vel skilgreind vinnuferli og sterkir innviðir

Sterk ferlishugsun einkennir allt skipulag og verklag í fyrirtækinu. Meginferli eru fjögur: þróun, sala, framleiðsla og þjónusta. Ferli eru vel skilgreind og skipulag skýrt, einfalt og vel útfært. Gæðakerfi og heildarstjórnunarkerfi fyrirtækisins eru í reynd eitt og hið sama. Unnið hefur verið

samkvæmt gæðakerfi sem vottað er samkvæmt ISO – 9001 frá árinu 1997.

Fyrirtækið fluttist fyrir skömmu í nýtt og glæsilegt húsnæði sem er hannað utan um meginferli fyrirtækisins en þar er heildarhagkvæmni við efnisflutninga höfð að leiðarljósi. Framleiðslutæki eru fullkomin og sjálfvirkni beitt þar sem því verður við komið.

Eitt af aðalmerkjum Marels er öflugt vöruþróunarferli sem hefur skilað fjölda nýrra afurða á undanförunum árum. Fyrirtækið er án efa í fremstu röð í heiminum á sínu sviði hvað varðar nýjungar og lausnir á tæknilega flóknum viðfangsefnum.

Öflugt markaðsstarf er m.a. unnið með þátttöku í fjölmörgum vörusýningum og öflugum umbods- og söluneti en auk þess er mikið lagt í vefsetur fyrirtækisins sem upplýsingamiðil.

Viðtækt samstarf og árangur byggður á opnum samskiptum

Marel á viðtækt samstarf við viðskiptavini, birgja og þekkingarstofnanir bæði heima og erlendis um vöruþróun og nýjar tæknilausnir á viðfangsefnum matvælaframleiðslu. Þá taka stjórnendur og starfsmenn fyrirtækisins virkan þátt í faglegri umræðu um þróun íslensks atvinnulífs.

Þegar á heildina er litið hafa stjórnendur Marels byggt upp öflugt fyrirtæki sem hefur sterkar forsendur til að geta vaxið, dafnað og þróast enn frekar á komandi árum. Hins vegar er ljóst að markaðsaðstæður á þeim mörkuðum, sem fyrirtækið starfar um þessar mundir, eru erfiðar. Því reynir mikið á kerfi og ferli fyrirtækisins á því samdráttarskeiði sem fyrirtækið gengur nú í gegnum.

Gæðastarfið hefur þegar skilað miklum árangri. Metnaður, forysta og framtíðarsýn stjórnenda Marels eru skýr og fyrirtækið býr yfir miklum mannaúti. Fyrirtækið er góð fyrirmynd og á margan hátt vel undirbúið að takast á við ný og metnaðarfull verkefni í framtíðinni. Þess vegna telur matsnefnd að Marel hf. sé verðugur handhafi Íslensku gæðaverðlaunanna árið 2002.

Samtök iðnaðarins óska stjórnendum og starfsmönnum Marels hf. til hamingju með þessa viðurkenningu.

Davíð Lúðvíksson



Davíð Oddsson forsætisráðherra afhendir Íslensku gæðaverðlaunin



Aukið gæðastarf allra hagur

Mikil aðsókn hefur verið að námskeiðum Samtaka iðnaðarins í gæðastjórnun við verklegar framkvæmdir. Námskeiðin eru einkum ætluð þeim, sem annast skipulag, eftirlit og stjórnun verklegra framkvæmda í mannvirkjagerð og byggingariðnaði. Í haust hafa alls verið haldin fimm námskeið, þar af tvö á Akureyri. Leiðbeinendur á námskeiðunum eru Ferdinand Hansen og Eyjólfur Bjarnason, báðir starfsmenn Samtaka iðnaðarins.



Markmið námskeiðsins er m.a. að fylgja eftir kröfum verkkaupa um gæðastjórnun við verklegar framkvæmdir og stuðla að því að hönnuðir, verktakar, verkkaupar og eftirlitsmenn skilji helstu hugtök gæðastjórnunar á sama hátt. Þá er lögð rík áhersla á að verktakar og eftirlitsmenn þekki og skilji kröfur verkkaupa um gæðastjórnun við verklegar framkvæmdir og að verktakar verði færir um að útbúa gögn í samræmi við kröfurnar.

Bláðamaður Íslensks iðnaðar sótti námskeið sem haldið var 21. nóvember sl. og spurði nokkra þeirra, sem þar sátu, áhlits á því sem þar fór fram.

Námskeiðið kemur að góðum notum

Þórarinn K. Ólafsson, framkvæmdastjóri RST Nets hf., sagði að þetta væri

virkelega gott námskeið. „Við erum hér þrjú frá RST Nets og erum að vinna í gæðakerfi okkar. Við höfum lagt hornstein aðöryggisstjórnunarkerfi okkar, byrjuðum á því fyrir skömmu. Markmið okkar er að koma kerfinu á og standa okkur í því,“ sagði Þórarinn.

Geir Þórólfsson, forstöðumaður tæknideildar Hitaveitu Suðurnesja, sagði að sér myndist námskeiðið standast væntingar sínar hvað varðaði gæðastjórnun í verklegum framkvæmdum. „Þetta opnar augu manns fyrir ýmsu og maður sér ýmislegt, sem maður þekkir, í nýju ljósi og kemur auga á ýmsa möguleika. Ég kannast við ýmis vandamál sem hér hefur verið dregið á og reikna með að okkur nýtist margt sem fjallað hefur verið um hér í dag enda er gæðastýring nauðsynleg í nútímarekstri,“ sagði Geir.

Einar Áskelsson, gæðastjóri Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen, sagði að sér myndist námskeiðið nokkuð verktakamiðað og að hann hefði ímyndað sér að það yrði dálítið fjölbreyttara. „Ég á samt eftir að hafa mikið gagn af því, við erum sjálfir að byggja upp gæðastjórnunarkerfi skv. ISO 9001 og í þessum bransa leitar fyrirtækið margra leiða að takmarkinu bæði sem hönnuður, verktaki, verkkaupi og eftirlitsaðili. Ég er viss um að mér á eftir að nýtast margt af því sem hér hefur verið fjallað um,“ sagði Einar.

Jón Búi Guðlaugsson, Verkfræðistofu Jóns Búa, sagði að sér myndist námskeið betra en hann átti von á. „Ég þekki nokkuð vel til gæðakerfa fyrri tíma og líka allvel til eftirlitsstarfa á byggingarsviði. Það sem mér finnst gagnlegast er samt samræmi vinnuáðferða á markaðnum. Ég á eftir að nýta mér margt sem hér hefur verið fjallað um en ég tel að vænlegast til árangurs að þessar hugmyndir nái til eftirlitsaðila á markaðnum en þrýstingur þarf ekki síður að koma frá verkkaupum og ég vona að það verði innan fimm ára,“ sagði Jón Búi.

Getum loksins talað sama málið

Guðmundur Pétursson, gæðastjóri



Landsvirkjunar, var fulltrúi verkkaupa á námskeiðinu. Hann skýrði m.a. frá því að starfsmenn Landsvirkjunar hefðu byrjað á byggja upp gæðakerfi árið 1995 en lent ógöngum með það en tekið svo upp þráðinn að nýju. Þá var ákveðið að stefna að ISO 9000 vottun. Mikilvægt væri að byggja gæðakerfið upp smátt og smátt. Nú stefndi Landsvirkjun að því að fá fyrsta vottunarferlið í janúar.

Guðmundur sagði að frumkvöðlastarf Samtaka iðnaðarins stuðlaði að því að verktakar ynnu eftir ákveðnu kerfi og samræmdu vinnubrögð sín og það væri ekki síður mikilvægt fyrir verkkaupa og slíkt kerfi gerði kröfur bæði til verktaka og verkkaupa. Heildarstefna í þessu efni væri fagnaðarefni. „Nú loks getum við talað sama málið og ég þori að fullyrða að með meiri gæðum geta verktakar krafist herra verðs því að verkkaupar eru fljótir að átta sig á því sem vel er gert.“ Þá nefndi Guðmundur að eftirfylgni væri mikilvæg, þ.e. hvernig fylgst væri með þáttum sem skipta mestu í gæðamálum og mikilvægt væri að fullnægja þörfum viðskiptavinarins. „Við erum allir hlekkir í kerfinu og við verkkaupar fylgjumst með hvernig verktökum gengur að vinna með gæðakerfi sín. Við verðum að treysta þeim sem við vinnum með en þörfin verður að koma frá starfsmönnum en ekki frá gæðastjóranum. Gæðakerfið verður að virka allan stjórnstigann,“ sagði Guðmundur.

Fleiri námskeið á döfinni

Þeir Ferdinand og Eyjólfur halda ótrauðir áfram á sömu braut meðan aðsóknin að námskeiðunum er jafnmikil og raun ber vitni. Hafin er skráning á næstu fimm námskeið. Tvö þeirra verða í desember, önnur tvö í janúar og eitt í febrúar en það verður hið tíunda í röðinni.

Þóra Kristín Jónsdóttir

Formaður SI, utanríkisráðherra og rektor HÍ skrifa undir samstarfssamning



Í dag voru undirritaðir samningar um aðild Samtaka iðnaðarins og utanríkisráðuneytisins að Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands. Undirritunin fór fram í aðalbyggingu Háskólans við Suðurgötu og undir samningana rituðu þeir Vilmundur Jósefsson, Halldór Ásgrímsson og Páll Skúlason.

Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands hefur það hlutverk að vera vettvangur þverfaglegs samstarfs á sviði alþjóðamála og smáarkjarannsóknna. Stofnunin er rannsóknar-, fræðslu- og þjónustustofnun og heyrir undir háskólaráð. Henni er ætlað m.a.:

- að vinna þjónustuverkefni fyrir atvinnulíf og opinbera aðila
- að auka samstarf milli fræðimanna, atvinnulífs og opinberra aðila á sviði alþjóðamála og vera meðal annars leiðandi í rannsóknum á smáarkjum

- að vinna að rannsóknaverkefnum, m.a. í samstarfi við erlenda aðila
- að gangast fyrir símenntunarnámskeiðum, ráðstefnum, umræðufundum og fyrirlestrum um efni sem varða starfs svið stofnunarinnar
- að vinna að útgáfu rita um alþjóðamál

Samtök iðnaðarins binda miklar vonir við starf Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands og smáarkjasetrið sem er starfrækt innan þess. Mikilvægt er að efla fræðilegar rannsóknir á sviði alþjóðamála og alþjóðavæðingar og stöðu Íslands í því samhengi. Umræður um þessi mikilvægu mál sem Íslands stendur frammi fyrir, ekki síst Evrópumálin, verða að fara fram á grundvelli staðreynda og góðra rannsókna. Samtök iðnaðarins telja að þátttaka í stjórn og rekstri Alþjóðastofnunar Háskóla Íslands stuðli að þessu markmiði.

Jón Steindór Valdimarsson



Prentaður nýrra bóka

Niðurstöður könnunar Bókasambands Íslands um prentað íslenskra bóka, sem birtust í Bókatiðindum Félags íslenskra bókaútgefenda 2002, sýna m.a. að hlutfall prentunar hérlendis hefur nú aukist á nýju, var 61,7% í fyrra en er 66,8% í ár. Hlutfall prentunar innanlands eykst því um 5,1% og það eru mikil gleðitíðindi. Hins vegar hefur dregið úr heildarfjölda bókaitila um 3,5%, þeir eru í 479 ár en 496 í fyrra. Þó fækkar titlum ekki eins mikið og í fyrra en þá fækkaði þeim um 11,9% frá árinu áður.

Eins og áður segir er gleðiefni að prentun hefur aukist innanlands en þó er ljóst að samkeppni í prenti erlendis frá er mikil, sérstaklega frá Danmörku en þar eru prentuð 19,2% bóka, aðallega kiljubækur. Þótt það sé nokkurt áhyggjuefni fyrir prentiðnaðinn að bókaitilum skuli enn fækka er rétt að vekja athygli á því að dregið hefur úr þeirri fækkun frá síðasta ári. Útgefnir bókaitilar voru óvenju margir árið 2000 en titlarnir eru fleiri nú en þeir voru fyrir þann tíma.

Haldur D. Nelson

Menntadagur iðnaðarins

Málþingið verður haldið í Versöllum, Hallveigarstíg 1, fimmtudag 16. janúar kl. 10-12

Íslensk iðnfyrirtæki eru þekkingarfyrirtæki

Íslenskur iðnaður keppir við framleiðslu fremstu iðnþjóða heims og þarf því stöðugt að halda vöku sinni. Til að standast harða alþjóðlega samkeppni þurfa íslensk fyrirtæki fleira og betur menntað starfsfólk til sífellt flóknari og dýrætari starfa.

Samtök iðnaðarins bjóða félagsmönnum sínum að sækja málþing á Menntadegi iðnaðarins þar sem nokkrum frambjóðendum til alþingiskosninga gefst kostur á að fjalla um stefnu sína og síns flokks á sviði iðn- og tæknimenntunar.

SI

Samtök iðnaðarins